

Tvö tilboð í ráðgjafabjónustu við jarðhitavirkjanir

Vísir Viðskipti innlent 10. ágúst 2011 12:06



Á myndinni eru (frá hægri):
 Einar Mathiesen
 framkvæmdarstjóri
 Landsvirkjunar og
 stjórnarformaður
 Þeistareykja, Árni
 Gunnarsson
 yfirverkefnisstjóri
 Landsvirkjun Power, Pétur
 Pétursson innkaupastjóri
 Landsvirkjunar, Jóhann
 Kröyer verkefnisstjóri
 Landsvirkjun Power og Óli
 Grétar Sveinsson
 framkvæmdarstjóri
 þróunarsviðs
 Landsvirkjunar, við opnun
 tilboðanna.

Tilboð voru opnuð í gærðag í ráðgjafabjónustu vegna fyrirhugaðra jarðhitavirkjana í Bjarnarflagi og á Þeistareykjum, í húsakynnum Landsvirkjunar.

Fjallað er um málið á vefsíðu Landsvirkjunar. Þar segir að um sé að ræða útboð sem felur í sér útboðshönnun, gerð útboðsgagna og endanleg hönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við allt að 90 MW virkjun í Bjarnarflagi og 90 MW virkjun á Þeistareykjum ásamt aðstoð við eftirlit með uppsetningu vél- og rafbúnaðar o.fl.. Landsvirkjun og Þeistareykir ehf. standa saman að útboðinu.

Tvö tilboð bárust frá þremur verkfræðistofum, annars vegar frá Mannviti ehf. og Verkís ehf., og hinsvegar frá Eflu ehf.

Tilboðin verða nú lögð fyrir matsnefnd sem metur hvort bjóðendur standist þær kröfur um hæfi sem gerðar voru í útboðsgögnum. Gert er ráð fyrir að liðið geti um þrjár vikur frá opnun tilboða þar til niðurstaða fæst í mati á hæfi bjóðenda. Að því loknu munu verðtilboð þeirra bjóðenda sem stóðust kröfur um hæfi verða opnuð og þau metin. Stefnt er að því að niðurstaða útboðsins liggi fyrir í byrjun september

Útboðið var auglýst á evrópska efnahagssvæðinu og rann frestur til að skila inn tilboðum út þann 9. ágúst 2011.



Vefverslun með fatnað
 í stærðum **14 - 28***
*Uk stærðir L - 5XL

Þú ert hér: [Forsíða](#) / [Viðskipti](#) / [Viðskipti innlent](#) / Tvö tilboð í ráðgjafabjónustu við jarðhitavirkjanir